

Nd.

551. Frumvarp

til laga um fiskiráð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 7 manna nefnd, er nefnist fiskiráð. Hún skal skipuð þannig, að ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður nefndarinnar, en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Félag ísl. atvinnurekenda, Alþýðusamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Samlag ísl. matjessildarframleiðenda og Fiskifélag Íslands tilnefna sinn manninn hvert.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti hvenær sem er sótt þangað fundi.

2. gr.

Verkefni fiskiráðsins er að rannsaka og gera tillögur um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegum nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr.

Fiskiráðið skal senda atvinnumálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknna sinna og tillögur þær, sem það gerir. Skýrslur þessar og tillögur skulu einnig sendar þeim aðilum sjávarútvegsins, sem þær snerta, og skal fiskiráðið gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að fá aðilja til að framkvæma tillögurnar. Ráðið skal einnig senda ráðherra skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti.

4. gr.

Þóknun til fiskiráðsmanna fyrir störf þeirra greiðist úr rikissjóði, eftir úrskurði ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.